

Sjálfbærniverkefni á Austurlandi

Símafundur Stýrihóps 27. október 2014

Mætt: Árni Óðinsson (Landsvirkjun), Else Möller (Austurbrú), Fríða Björg Eðvarðsdóttir (Landvernd), Freyr Ævarsson (Fljótsdalshérað), Geir Sigurpáll Hlöðversson (Alcoa Fjarðaál), Guðrún Áslaug Jónsdóttir (Austurbrú), Sigrún Víglundsdóttir (Austurbrú)

Páll Björgvin Guðmundsson boðaði forföll.

Fundurinn var boðaður í Lync, en tæknilegir örðugleikar komu upp og var fundurinn færður í síma.

Á meðan beðið var eftir að síðustu fundarmenn tengdust það GÁJ menn að hugleiða hvort setja ætti efnahagsvísa í fókus á næsta ársfundi verkefnisins, en þeir væru veikur hlekkur í verkefninu. Var hugmyndinni vel tekið. GÁJ stakk upp á sjálfri sér sem fundarstjóra og SV sem ritara og var það samþykkt.

Dagskrá

1. Úrvinnsla hópstarfs á ársfundi
2. Kynningarmál
 - a. Kynningar í skólum
 - b. Kynningar í sveitarstjórnnum
 - c. Lógó verkefnisins
3. Tilkynningar frá Austurbrú
 - a. Athugasemdir við þýðingar á sjálfbærnivísu
 - b. Energy Globe
 - c. Fundir með ábyrgðarmönnum vísa
 - d. Breytingar á númerakerfi – nytsemisúttekt Sjá ehf
4. Snertifundur
5. Önnur mál

1. Úrvinnsla hópstarfs á ársfundi.

Fjórar spurningar voru lagðar fram á ársfundi

- Hvernig mælum við gæði skóla?
 - Niðurstöður voru að ekki ætti að einblína á hörðu mælikvarðana þ.e. einkunnir og próf heldur fleira. Engin bein ábending kom þarna fram til verkefnisins nema að huga að fleiri þáttum en niðurstöðum samræmdra prófa og fjölda menntaðra kennara eins og nú er.
- Er hægt að nýta verkefnið í skólastarfi og rannsóknum?
 - Kynna fyrir nemendum og starfsfólki í grunnskóla, rætt seinna undir kynningarmál.
- Hvernig getur verkefnið stuðlað að sjálfbærri þróun?
 - Þarna komu fram ýmsir punktar en þeir beinast ekki beint að sjálfbærniverkefninu.
- Vantar menntunarvísa og þá hvaða?
 - Þarna komu fram ábendingar sem starfsmenn hafa unnið með svo sem að skoða fleiri skólastig og víðara samhengi t.d. líðan. Hvað nemendur gera eftir

grunnskóla og brottfall, fræðslu og menntun í fyrirtækjum og athuga hvort samburðarhæf gögn finnast þar, hvernig er menntun og þjálfun að þróast heilt yfir.

Skoðaðir hafa verið fleiri mælikvarðar en einkunnir, og fleiri skólastig, og er leitað að gögnum sem hægt er að sækja reglulega á samræmdan hátt. Þrennt sýnist vænlegast:

- Rannsóknir og greining gera reglulega könnun: ungt fólk hagir og líðan frá 5. bekk grunnskóla og upp í framhaldsskóla. Hver aldurshópur er skoðaður með u.þ.b. þriggja ára millibili. Þetta er vönduð greining en margar spurningar og hugsanlega of flókið fyrir verkefnið.
- Skólavogin, hefur fyrst og fremst verið framkvæmd í grunnskóla hingað til en er að færast inn í leikskóla. Sveitarfélög nota þessa könnun.
- Hagstofa er með tölur um skólasókn 16 ára nemenda en kemur ekki fram hvert þeir fara í skóla.

Spurt var: Erum við að fara að búa til nýja menntavísa og hve miklum tíma og orku má eyða í það?

Ekki hægt að svara spurningunni nema hafa betri upplýsingar um það hvað vinnst og hve mikið það kostar. Rætt að nýir mælikvarðar í vísi 1.17, Gæði skóla, yrðu viðbót frekar en að þeir kæmu í staðinn fyrir þá sem fyrir eru. Við þurfum að vera trú sögu verkefnisins og þó einhverjir vísar verkefnisins megir detta út þá á það ekki við menntavísana. Fundarmenn voru sammála um að mikilvægt væri að bregðast við athugasemdum sem komu fram á ársfundi. Starfsmenn þróa hugmyndirnar áfram og leggja útfærðar hugmyndir fyrir stýrihóp.

2. Kynningarmál:

- Kynningar í skólum.** Í undirbúningi að heimsækja skóla og ræða við kennara til að vekja athygli á Sjálfbærni-Verkefninu til að nýta í kennslu. Bent var á að gott væri að eiga eitthvað sem hægt er að skilja eftir t.d. póstkort með helstu upplýsingum um verkefnið. Hugmyndin fékk jákvæð viðbrögð. FÆ og ÁÓ lýstu áhuga á að koma með í skólaheimsóknir.
- Kynningar í sveitarstjórnnum.** Á fundi í vor var talað um að fá að kynna verkefnið á aðalfundi SSA í haust. GÁJ hafði samband við SSA og bauð kynningu en ekkert kom út úr því. Ákveðið að senda bréf til sveitarstjórna á Austurlandi og bjóða kynningu á Sjálfbærni-Verkefninu. Þeir sem hafa áhuga kalla þá eftir kynningu.
- LOGO verkefnisins.** Á fundi í vor kom upp hugmynd um að halda samkeppni meðal nemenda í framhaldsskólum um lógó verkefnisins. EM hefur nefnt hugmyndina við fulltrúa ME, VA og HusHall og leist þeim vel á hana. Ákveðið að starfsmenn útfæri tillögu um hugmyndasamkeppni meðal skólanema og sendi á stýrihópinn í tölvupósti til samþykktar.

3. Til kynningar frá Austurbrú

- Athugasemdir við þýðingar frá Sveini Kára Valdimarssyni. Engar athugasemdir komu fram við að breyta þýðingum til samræmis við athugasemdir frá Sveini Kára.
- EM skoðaði Energy Globe verðlaunin og telur Sjálfbærni-Verkefnið ekki eiga að sækjast eftir tilnefningu þar. Stofnandi verðlaunanna sendi póst í gegnum vefsíðuna en það var líklega fjöldapóstur. Bent var á að það væri alltaf hægt að falast eftir tilnefningu seinna. Íslenskt verkefni hlaut verðlaunin 2011 og má sjá upplýsingar um það á slóðinni:

<http://www.energyglobe.info/awards/details/awdid/5651/> . Fundurinn samþykkti að sækjast ekki eftir tilnefningu.

- c) Fundir með ábyrgðarmönnum vísa áætlaðir í nóvember.
- d) Á heimasíðu þar sem greint er frá breyttum númerum vísa er vísað til nytsemissúttaktar sem Sjá ehf gerði. Skýrslan fannst ekki með gögnum verkefnisins en hafði borist í tölvupósti rétt áður en fundurinn hófst. Um er að ræða notendaprófanir á eldri heimasíðu verkefnisins en skoða þarf skýrsluna til að sjá hvort þar eru upplýsingar sem nýtast á nýja vefnum.

4 Snertifundur – vinnufundir

Ákveðið að skipuleggja vinnufund stýrihóps vikuna 19. – 23. janúar. Enginn símafundur áætlaður í millitíðinni en starfsmenn geta kallað saman stýrihóp ef þeir telja þess þurfa.

5 Önnur mál

Tillaga um að birta fundargerðir stýrihóps á heimasíðu verkefnisins var samþykkt.

SV 4-11-2014